

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/682

2018/EES/67/04

frá 4. maí 2018

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýglýserólþólýrísínóleats (E 476) í ýrðar sósur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er pólýglýserólþólýrísínóleat (E 476) nú þegar leyft matvælaaukefni í matvælaflokki 12.6, „Sósur“ (í hámarks magni sem nemur 4 000 mg/kg) en einungis í salatsósur.
- 4) Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 þarf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að gera nýtt áhættumat á pólýglýserólþólýrísínóleati (E 476). Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 ⁽³⁾ varð endurmati á ýruefnum að vera lokið eigi síðar en 31. desember 2016.
- 5) Hinn 4. ágúst 2014 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun pólýglýserólþólýrísínóleats (E 476) sem ýruefni í ýrðar sósur. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina síðan aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 6) Fituskerðing í unnum matvælum, s.s. ýrðum sósum, næst alla jafna með því að nota þykkingarefni. Þykkingarefni leiða þó til óæskilegra breytinga á skynmatseiginleikum matvællanna þegar notkun þeirra fer yfir tiltekinn styrk. Hægt er að ná fram viðbótarskerðingu fituinnihalds í sumum matvælum, s.s. ýrðum sósum, með því að nota ýruefni sem geta stöðgað mikið magn af vatni í fitunni. Í rannsóknnum, sem umsækjandinn annaðist, þar sem borin var saman skilvirkni mismunandi ýruefna til frekari fituskerðingar í ýrðum sósum gaf pólýglýserólþólýrísínóleat (E 476) bestu niðurstöðurnar, bæði með tilliti til eðliseiginleika sem og skynmatseiginleika ýrðu sósunnar sem varð til. Magn pólýglýserólþólýrísínóleats (E 476), sem þurfti til að ná fyrirhuguðum tæknilegum tilgangi, var 4 000 mg/kg.
- 7) Hinn 27. maí 2016 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnunina að hún legði mat á öryggi tillagðrar rýmkunar á notkun pólýglýserólþólýrísínóleats (E 476) í ýrðar sósur, til viðbótar við endurmat á öryggi þessa efnis samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010.
- 8) Hinn 24. mars 2017 skilaði Matvælaöryggisstofnunin vísindalegu álitum um endurmat á pólýglýserólþólýrísínóleati (E 476) ⁽⁴⁾ og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku sem nemur 25 mg af pólýglýserólþólýrísínóleati/kg líkamsþyngdar/dag. Að teknu tilliti til þess að útreikningar á váhrifum fóru ekki yfir ásættanlega, daglega inntöku komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að pólýglýserólþólýrísínóleat (E 476), sem matvælaaukefni, myndi ekki

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 frá 25. mars 2010 um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (Stjtið. ESB. L 80, 26.3.2010, bls. 19).

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4743.

skapa öryggisvanda ef það er notað við leyfða eða tilkynnta notkun og notkunarmagn. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að viðbótarnotkun á pólýglýserólþólýrísínóleati (E 476), í hámarksmagni sem nemur 4 000 mg/kg í ýrðar sósur, myndi ekki leiða til heildarváhrifa af þessu efni sem færu yfir ásættanlega, daglega inntöku. Af þessum sökum skapar rýmkun á notkun pólýglýserólþólýrísínóleats (E 476) í ýrðar sósur ekki öryggisvanda.

- 9) Þar að auki mælti Matvælaöryggisstofnunin með nokkrum breytingum á nákvæmum skilgreiningum fyrir pólýglýserólþólýrísínóleat (E 476) í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽¹⁾. Þær eru að miklu leyti tengdar notkun glýseróls í framleiðsluferli pólýglýserólþólýrísínóleats (E 476) og eru því svipaðar tilmælum Matvælaöryggisstofnunarinnar í vísindalegu álitni hennar um endurmat á glýseróli (E 422) ⁽²⁾. Af þessum sökum verður fjallað um breytinguna á nákvæmu skilgreiningunum fyrir pólýglýserólþólýrísínóleat (E 476), í samræmi við tilmæli Matvælaöryggisstofnunarinnar, á aðskilinn hátt, ásamt nákvæmu skilgreiningunum fyrir glýseról (E 422) og önnur matvælaaukefni að stofni til úr glýseróli.
- 10) Því þykir rétt að leyfa notkun á pólýglýserólþólýrísínóleati (E 476) sem ýruefni í ýrðar sósur, þ.m.t. salatsósur, í matvælaflokk 12.6 „Sósur“ (í hámarksmagni sem nemur 4 000 mg/kg).
- 11) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4720.